

106

25. ágúst

Ef hreppstjóri kemst við skoðunina að þeirri niðurstöðu, að ábúanda sje eigi trúandi fyrir jörðunni framvegis, þá skal hann tafarlaust skýra sýslumanni frá því, er svo kveður á um það, hvort byggja skuli ábúanda út af jörðunni.

8.

Rjett á afhendandi á að taka eða láta taka endurrit af skoðunargjörð hverri, en hreppstjóri skal senda sýslumanni áleiðis til stjórnarráðsins endurrit af öllum skoðunargjörðunum.

Þetta tilkynnist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 25. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

107

27. ágúst

Reglugjörð

fyrir lagaskólann.

1. gr.

Tilgangur lagaskólans er sá að fræða svo þá, sem skólann sækja, að þeir geti gegnt embættum þeim og öðrum störfum, sem lagakunnátta útheimtist til, eftir lögum landsins.

2. gr.

Forstöðumaður lagaskólans hefir á hendi stjórn skólans undir yfirumsjón stjórnarráðsins.

3. gr.

Þeir, sem komast vilja í lagaskólann, verða að hafa lokið stúdentsprófi í hinum almenna mentaskóla landsins. Þó getur stjórnarráðið heimilað þeim inntöku í skólann, er leyst hafa af hendi burtfararpróf úr öðrum skólum í Danaveldi, er jafngilda mentaskólanum.

Um inntöku í skólann skal sækja brjeflega til forstöðumanns, mánuði á undan skólasetningu.

4. gr.

Stjórnarráðið úthlutar námsstyrk þeim og húsaleigustyrk, sem lagaskólanum er lagður úr landsjóði, að fengnum tillögum forstöðumanns.

5. gr.

107

Kennarar lagaskólans hafa eftirlit með námi nemendanna og hegðun. 27. ágúst
Komi umvandanir kennaranna ekki að haldi, getur stjórnarráðið svift hinn brot-
lega styrk þeim, er hann kann að hafa af almannaþje, eða vísað honum burt úr
skólanum, hvort heldur um stund eða fyrir fult og alt.

6. gr.

Lagaskólaárið byrjar 1. október og endar 30. júní. Skólaárið skiftist í
2 skólamissiri, og nær hið fyrra fram í miðjan febrúar, en hið síðara til júniloka.

7. gr.

Á lagaskólaárinu fá nemendur þessi leyfi: Jólaleyfi frá 23. desember til
3. janúar, páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skirdag til 3. í páskum og hvítasunnu-
leyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til 3. í hvítasunnu. Auk leyfa þessara, sem
byrjunar- og lokadagur hvers leyfis telst til, skal sumardagurinn fyrsti og fæð-
ingardagur konungs vera nemendum frjáls.

8. gr.

Eftirfarandi námsgreinir skal kenna á lagaskólanum:

- I, 1. borgararjett (ættar-, erfða-, einka- og persónurjett).
- II, 2. borgararjett (hluta-, kröfu-, fjelaga- og rithöfundarjett) og aðaldrætti sjó-
rjettar.
- III, hegningarrjett.
- IV, ríkisrjett og aðaldrætti þjóðarrjettar.
- V, rjettarfar (einkamála, þar með talin sáttamál, sakamála, skiftagerða, fógeta-
gerða og uppboðsgerða).
- VI, rjettarsögu.

9. gr.

Við kensluna skal nota prentaðar bækur, svo sem til vinst, en að öðru
leyti fyrirlestra.

Yfirheyrslur og skriflegar og verklegar æfingar skal halda við og við,
einkum seinna hluta námstímans.

10. gr.

Próf eru tvönn við lagaskólann, aðalpróf og aukapróf.

Aðalprófið er fyrir þá nemendur, sem stunda lögspeki við lagaskólann
að öllu leyti.

Aukaprófið er fyrir þá, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskólann í
Kaupmannahöfn, en bæta þurfa við sig þekkingu í íslenskum lögum til að verða
embættisgengir hjer á landi.

107 Um aukaprófið verða síðar settar nákvæmari reglur, en um aðalprófið er 27. ágúst skipað fyrir svo sem hjer fer á eftir.

11. gr.

Sá, sem ganga vill undir aðalpróf við lagaskólann, skal segja forstöðumanni til um það með mánaðarfyrirvara, en prófið skal halda síðara hluta júní-mánaðar.

Þeir einir mega ganga undir prófið, sem stundað hafa nám við skólann í 4 ár, enda sýni þeir áður vottorð fyrir því, að þeir hafi lokið heimspekisprófi við prestaskólann eða háskólann í Kaupmannahöfn.

12. gr.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í öllum námsgreinum, nema í rjettarsögu, í henni er það eingöngu munnlegt.

Stjórnarráðið setur mann til að gæta nemendanna við hinar skriflegu úrlausnir, en til þeirra, hvernar um sig, hafa nemendur 3—4 klukkustundir, eftir nánari ákvörðun forstöðumanns.

13. gr.

Kennararnir dæma í sameiningu um hina skriflegu og munnlegu úrlausn í námsgrein hverri, ásamt prófdómara, sem stjórnarráðið tilnefnir.

Kennararnir og prófdómariinn velja í sameiningu úrlausnarefni í hverri grein hins skriflega prófs, en munnlegu úrlausnarefnunum ræður sá kennari, sem námsgreinina kennir.

Stjórnarráðið skipar mann til að skrá í þartil gerða bók hið helsta af því, sem fram fer við hið munnlega próf.

14. gr.

Í hinum sjerstöku greinum verða gefnar eftirfarandi einkunnir Ágætlega dável, vel, laklega, illa og afarilla. Einkunnir þessar jafngilda tölunum: 8, 7, 5, 1, ÷ 7 og ÷ 23.

Dæma skal sjer í lagi um hina skriflegu og munnlegu úrlausn í hverri grein, en síðan skal leggja stigafjöldann fyrir hina skriflegu og munnlegu úrlausn saman, og jafngildir þá 16 ágætlega, 14 dável, 10 vel, 2 laklega, ÷ 14 illa og ÷ 46 afarilla, og verður það aðaleinkunn greinarinnar.

Í rjettarsögu er að eins gefin ein einkunn

15. gr.

Prófseinkunnirnar eru fjórar: ágætiseinkunn, 1. einkunn, 2. betri einkunn og 2. lakari einkunn.

Til ágætiseinkunnar þarf 83 stig, til 1. einkunnar 67 stig, til 2. betri einkunnar 57 stig og til 2. lakari einkunnar 35 stig.

Sá, sem nær ekki 35 stigum, stenst ekki prófið, nje heldur sá, sem fær **107**
afarilla í einhverri grein. 27. ágúst

Sá, sem stenst ekki prófið, má ganga undir próf af nýju að ári liðnu.

Svo getur og sá, sem staðist hefir prófið, en ekki náð 1. einkunn, gengið undir nýtt próf að ári liðnu.

Forstöðumaður sendir stjórnarráðinu skýrslu um prófið.

16. gr.

Að loknu prófi fá fullnumar prófskirteini með nafni forstöðumanns og innsigli lagaskólans, og eru þá candidati juris.

17. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 1908.

Þetta kunngerist hjermeð öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 27. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Reglugjörð

108

9. maí.

fyrir Austurbarðastrandarsýslu um eyðing bandorma í hundum.

1. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi sýslunnar skal falið á hendur, að annast um lækning á hundum eins og henni þykir best við eiga, og útnefna sjer til aðstoðar fleiri eða færri menn eftir stærð hreppanna, og skulu allir hlýða undantekningarlaust ákvörðun hreppsnefndarinnar.

2. gr.

Lækning á hundum skulu hreppsnefndir láta framkvæma á einum og sama degi í öllum hreppnum, einu sinni á ári, 15. desember; ef það er helgidagur, þá næsta dag virkan.

3. gr.

Lækningunni skal hagað þannig:

Í hálfan sólarhring skal hafa hundinn inni, og má hann alls engan mat fá eða drykk á meðan. Síðan skal gefa hundinum inn að minsta kosti 5 grömm af arekadufti og eina matskeið af laxerolíu, hrærðu út í graut eða mjólk. Vana-